

**23. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, 27. febrúar 2017 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Árni Traustason (ÁT), byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Árni Traustason, byggingarfulltrúi og Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi eru viðstaddir í gegnum fjarfundarbúnað.

**Dagskrá:**

**1. Frístundahús: Umsókn um lóð - 1701039**

*Erindi frá Kristínu Magnúsdóttur f.h. Gistiheimilisins Bjarmalands, kt. 530106-1600. Í erindinu er sótt um lóð undir tvö frístundahús við Þinghól, Tálknafirði. Sótt er um lóðina að Kirkjubraut 3. Erindinu fylgja uppdættir af fyrirhuguðum húsum.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að samþykkt verði að leigja út lóðina til Gistiheimilisins Bjarmalands. Nefndin ítrekar að fylgt verði byggingarskilmálum þeim sem settir eru fram í drögum að deiliskipulagi svæðisins, sem nálgast má á heimasíðu sveitarfélagsins en þar er m.a. kveðið á um að hús eigi að hafa rishalla.*

**2. Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu. - 1604059**

*Þann 23.janúar s.l. var opið hús hjá Tálknafjarðarhrepp um deiliskipulag íbúðabyggðar ofan Strandgötu og varnarmannvirkja í Geitárhlið.*

*Lilja Magnúsdóttir lagði fram til kynningar ábendingar og athugasemdir sem komu á opna húsinu, sem og athugasemdir nefndarinnar. Byggingarfulltrúa falið að koma athugasemdum áfram til hönnuða ofanflóðavarnanna.*

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi undir afgreiðslu málsins.

**3. Umsókn um byggingarleyfi - klæðning á tengihús. - 1702058**

*Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir utanhússklæðningu á tengihús við Norður-Botn, landnr.140294, matshl.02. Áætlað er að klæða húsið að utan með bárujárnsklæðningu, en húsið ver byggt 1957 úr hleðslusteini. Einnig er sótt um byggingarleyfi fyrir rafstöð sem stendur í 20feta gám við húsið. Erindinu fylgja uppdættir frá Tækniþjónustu Vestfjarða, dags. 09.01.2017.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu byggingarleyfis fyrir utanhússklæðningu á tengihúsið, og felur byggingarfulltrúa útgáfu þess. Nefndin óskar*

*frekari upplýsinga um grundun gámsins, og leggur til við umsækjanda að gámurinn verði einnig klæddur í sama stíl. Nefndin frestar afgreiðslu vegna byggingarleyfis fyrir gám.*

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi undir afgreiðslu málsins.

**4. Norður-Botn II: umsókn um stöðuleyfi, 8 gámar. - 1702057**

*Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt. 600212-2570. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 8 gámum sem standa á landi 140294. Um er að ræða gáma sem tengjast bæði daglegum rekstri seiðaeldisstöðvarinnar sem og framkvæmdum. Erindinu fylgir afstöðumynd er sýnir gámana og staðsetningu þeirra.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir veitingu stöðuleyfis til 12 mánaða, en skv. byggingarreglugerð 112/2012 er einingus heimilt að veita stöðuleyfi til 12 mánaða í senn. Hér er um endurnýjun stöðuleyfa að ræða.*

**5. Gileyri/Eysteinseyri - Breyting á deiliskipulagi - 1702061**

*Tekið fyrir erindi Bæjarvíkur ehf, dagsett 22. febrúar 2017, breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar Tálknafirði. Með gögnum fylgja uppdráttur og greinargerð dagsett 22. febrúar 2017.*

*Breytingin felur í sér að hluti byggingarreits B2 er stækkaður um 25m til austurs og verður 10.300m<sup>2</sup> í stað 7400m<sup>2</sup>. Skilmálar eru óbreyttir frá gildandi deiliskipulagi. Megin tilgangur þessarar breytingar er að skapa pláss á byggingareit fyrir stoðmannvirki við seiðaeldið sem þurfa að vera staðsett ofar í landinu eins og vatnstank og súrefnistank.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar og auglýsa tillöguna skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd vill benda á að framkvæmdin fellur í C-flokk framkvæmda sbr. lög um umhverfismat framkvæmda. Samkvæmt liði 1.12 í fyrsta viðauka laganna þá fellur þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn í flokk C. Framkvæmdaraðili getur því tilkynnt málið annaðhvort samhliða afgreiðslu deiliskipulagsins, samhliða ósk um framkvæmdaleyfi eða óháð annarri málsmeðferð.*

**6. Umsókn: um notkun á heitu vatni - 1702013**

*Erindi vísað til byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar frá sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vísaði erindinu til byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar á 509. fundi sínum þann 21.02.2017.*

*Í erindinu sækir Ragnar Þ. Marinósson f.h. Tungusilungs um leyfi til að fá að nýta umframmagn heits vatns og jafnvel affall frá hitaveitu til að hækka hitastig í eldskerjum fyrirtækisins innan við Þórsberg, á Strandgötu. Tungusilungur sækir um leyfi til að leggja leiðslu frá eldskerjum innan við Þórsberg að núverandi vatnsúttöku Hitaveitu Tálknafjarðar við áhaldahús að Strandgötu 46.*

23. fundur  
24. apríl 2017

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda í takt við umræður á fundinum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:40.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LI)

---

Árni Traustason (ÁT)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

---

Elfar Steinn Karlsson (ESK)

---